

Vegvísar.

Vegvísunum er ætlað að leiðbeina öikumönnum um leiðaval. Vegvísir skal vera réttthyrndur ferhyrningur þannig að tvær hliðar séu láréttar. Tákni skal vera (a) blátt á hvítum fleti með bláum jaðri eða (b) svart á gulum fleti með svörtum jaðri. Miðað er við að á höfuðborgarsvæðinu séu merki (a) en annars staðar merki (b).

Einstök merki geta verið í öðrum litum en að framan greinir

Vegvísar eru þessir:

Vegvísir í strjálbýli.



Merki þetta má setja við vegamót. Letra skal staðarheiti eða sveitar á merkið, svo og vegnúmer og fjarlægð í km eftir því sem ástæða þykir til.



Vegvísir án vegnúmers.

Merki þetta má setja við vegamót við ónúmeraðar leiðir.

Vegvísir



Merki þetta má setja við vegamót. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.



Vegvísir (b).

Staðarvísir (rauður).



Merki þetta má setja við vegamót þar sem leið liggur til athyglisverðs staðar, flugvallar, hafnar, opinberrar byggingar eða annars þjónustustaðar. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.



Staðartafla.

Merki þetta má setja þar sem leið liggur til staðar sem er sérlega áhugaverður fyrir ferðafólk. Letra skal staðarheiti og fjarlægð í km á merkið. Í stað tákns getur verið teikning af staðnum.



Fráreinarvísir (a).

Merki þetta má setja þar sem frárein byrjar.

Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til.



Fráreinarvísir (b).



Töfluvegvísir (a).

Merki þetta má setja við vegamót, einkum þar sem akreinar eru fleiri en ein. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri



Töfluvegvísir (b).

Leiðavísir.

Merki þessu má koma fyrir yfir vegi nærri vegamótum, t.d. á merkjabrú. Á merkinu skal vera ör fyrir hverja akrein. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á leiðavísi eftir því sem ástæða þykir til.




Staðarleiðamerki (a).

Merki þetta má setja 150-250 m frá vegamótum og sýnir það einfaldaða mynd af þeim. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp vegvísa eftir því sem við á.





Staðarleiðamerki (b).



Akreinaleiðamerki.

Merki þetta má setja 150-250 m frá vegamótum til leiðbeiningar ökumönnum um hvaða akrein þeir skuli velja. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp vegvísa eftir því sem við á.



Töfluleiðamerki (a).

Merki þetta má setja 150-250 m frá vegamótum. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp vegvísa eftir því sem við á.



Töfluleiðamerki (b).



Staðarvísir (blár).

Merki þetta má setja við veg til að vísa á tiltekinn stað, svo sem býli.



Staðarmerki

Merki þetta má setja upp til að tilgreina heiti staðar, örnefni o.þ.h.



Götunafn eða vegarheiti.

Húsnúmer.



Vegnúmer



Vegnúmer, leið að vegi.

Merkið er sett við veg sem liggur að vegi með tilgreindu vegnúmeri.



Ónúmeraður vegur.

Merki þetta (án vegnúmers) er sett við veg sem ekki hefur vegnúmer og er ekki í umsjón Vegagerðarinnar.



Eyðibýli.

Merki þetta er notað á vegvísa sem vísa á eyðibýli



Sýslu- eða sveitarfélagsmerki (stórt).

Merki þetta má setja við veg á mörkum sýslu eða sveitarfélags. Letra skal nafn sýslu eða sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sýslu eða sveitarfélags (byggðarmerki) í réttum litum ofan við nafn.



Sýslu- eða sveitarfélagsmerki (lítið).

Merki þetta má setja við veg á mörkum sýslu eða sveitarfélags. Letra skal nafn sýslu eða sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sýslu eða sveitarfélags (byggðarmerki) í réttum litum ofan við nafn.



Fjarlægðarmerki (a).

Merki þetta má setja við veg eftir að komið er fram hjá vegamótum, t.d. á bakhlið leiðamerkis. Efst á merkinu er vegnúmer þess vegar sem ekið er eftir og staðarheiti þar undir. Fyrst er heiti þess staðar sem fjarstur er o.s.frv



Fjarlægðarmerki (b).



Upplýsingatafla.

Merki þetta má setja við veg til nánari upplýsingar fyrir vegfarendur um þjónustu, vegakerfi eða bæjarstæði.

Töfluvegvísir fyrir hjólreiðastíga.



Merki þetta má setja við stígamót. Letra skal staðarheiti, stígnúmer og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri.

Vegvísir fyrir hjólreiðastíga.



Merki þetta má setja við stígamót. Letra skal staðarheiti, stígnúmer og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til.